

20. fundur hönnunarstjórnar
Austurlandsvirkjunar

Haukur Tómasson

Greinargerð HT-80/06

20. fundur hönnunarstjórnar

Fundur í hönnunarstjórn Austurlandsvirkjunar var haldinn á Orkustofnun
mánudaginn 24. mars, kl. 13.30.

Mettir: Kristján Jónsson
Ólafur Jensson
Loftur Þorsteinsson
Sigurjón Helgason
Ólafur Sigurðsson
Finnur Jónsson
Svavar Jónatansson
Sigurberg Elentínusson
Haukur Tómasson

Þetta gerðist:

1. Rætt um stöðu mála vegna ákvarðanatöku um hvoru megin eigi að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Samanburði er ekki lokið en það lítur út fyrir að virkjunartilhögunin á Fljótsdalsheiði geti gefið meira af ódýrri orku. Endanlegum samanburði verði lokið fyrir páska en nú þegar verði ákveðið að setja upp bækistöð fyrir rannsóknir sumarsins við Laugará enda geti hún þjónað rannsóknnum beggja vegna árinna.
2. Rætt um uppsetningu skýrslunnar og efnisyfirlit. Sérstaklega rætt um vatnafræði, þurfi að meðhöndla vandlega.
3. Rætt um óvissu í jarðgangakostnaði, en sérfræðingur frá Electrowatt telur að þau eigi að áætlast hærra en gert hefur verið í þessum samanburðaráætlunum.
4. Rætt um að gera sameiginlega áætlun um rannsóknir næsta sumars strax og val á virkjunarleið liggur fyrir.
5. Ákveðið að halda næsta fund á þriðjudag 1. apríl, kl. 13.30 á Rarik.